

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdum greiðslum, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur. Undantekningar eru þó greiðslur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Tekjur hafa engin áhrif ef valið er að fara á hálfan lífeyri frá TR á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum.

Auðvelt er að setja forsendur inn í reiknivél lífeyris á tr.is til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna fyrir ellilífeyri og heimilisuppbót

Tegund tekna	kr./ári	Áhrif tekna yfir frítekjumörkum á ellilífeyri	Áhrif tekna yfir frítekjumörkum á heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.200.000	45%	11,90%
Aðrar tekjur s.s. lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur	300.000	45%	11,90%

Einungis þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Þegar búið er að reikna út heildartekjur eru þær notaðar til að ákvarða upphæðir greiðslna, sjá töflu.

Helstu upphæðir sem miðað er við við útreikning lífeyris og tengdra bóta

Réttindi	Mán.gr.	Frítekjumörk atvinnutekna		Frítekjumörk annarra tekna		Greiðslur falla niður	
	kr.	ár	mán.	ár	mán.	ár	mán.
Ellilífeyrir	239.484	1.200.000	100.000	300.000	25.000	6.686.240	557.187
Heimilisuppbót	60.516	1.200.000	100.000	300.000	25.000	6.402.454	533.538
Annað	kr.					ár	mán.
Uppbót á lífeyri ¹ - 5 til 140% af lífeyri						2.827.779	235.648
Uppbót v/reksturs bifreiðar	16.583						557.187
Ráðstöfunarfé	71.889			0	0	1.327.182	110.599

¹ Uppbót á lífeyri getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá TR öðrum en aldursstengdri örorkuuppbót hafa áhrif á útreikning.

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.

Mælt er fyrir um útreikning lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.